



## Stefna Proskapjálfafélags Íslands 2025 til 2035

### Gildi Proskapjálfafélags Íslands

Áræðni	<ul style="list-style-type: none"><li>• Þora, Forysta</li><li>• Nýjar leiðir</li></ul>
Framþróun	<ul style="list-style-type: none"><li>• Horfa til framtíðar</li><li>• Þróast í starfi</li></ul>
Sveigjanleiki	<ul style="list-style-type: none"><li>• Takast á við breytingar</li><li>• Víðsýni</li></ul>

### Hlutverk og framtíðarsýn Proskapjálfafélags Íslands

Proskapjálfafélag Íslands (PÍ) er fag- og stéttarfélag sem vinnur að því að efla fagmennsku, fagþróun og sýnileika þroskajálfa í íslensku samfélagi. PÍ stendur vörð um réttindi og kjör félagsmanna og tryggir að rödd stéttarinnar heyrir í stefnumótun og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk og aðra einstaklinga sem þurfa á stuðningi að halda.

PÍ stuðlar að öflugri stéttarvitund og starfsþróun þroskajálfa og tekur þátt í faglegri þróun menntunar þroskajálfa. PÍ tekur virkan þátt í samráði við stjórnvöld og hefur áhrif á lagasetningu, stefnumótun og skipulag þjónustu meðal annars með aðkomu að starfshópum og nefndum, umsögnum í samráðsgátt stjórnvalda og með ráðgjöf til stofnana og sveitarfélaga.

PÍ vinnur að því að auka sýnileika og virðingu fyrir sérfræðipekkingu stéttarinnar í samfélaginu. PÍ á í samstarfi við önnur fag- og stéttarfélög að sameiginlegum hagsmunum og stuðlar að alþjóðlegu samstarfi við systurfélög þroskajálfa og hliðstæðra stétta erlendis.

Jafnframt beitir PÍ sér fyrir auknum skilningi á stöðu og þörfum fatlaðs fólks, tekur virkan þátt í réttindabaráttu og er sýnilegt og leiðandi afl í samfélagslegri þróun í málefnum fatlaðs fólks og annarra einstaklinga sem þurfa á stuðningi að halda. PÍ er eitt af aðildarfélögum Proskahjálpar.



## Stefnuáherslur og markmið

### 1. Efla fagmennsku og stéttarvitund

#### 1.1. Efla símenntun og endurmenntunartækifæri fyrir starfandi þroskaþjálfra.

- 1.1.1. Áframhaldandi samstarf við endurmenntun HÍ og aðrar símenntunarstöðvar, fræðsla á vegum ÞÍ og faghópa félagsins.
- 1.1.2. Áframhaldandi samstarf við BHM varðandi fræðslu sem mætir þörfum þroskaþjálfra.
- 1.1.3. Vinna áfram að því að tryggt sé að sjóðir BHM mæti þörfum þroskaþjálfra þegar kemur að endurmenntun og séu samkeppnishæfir í samanburði við sjóði annarra heildarsamtaka.

#### 1.2. Skapa vettvang fyrir þekkingarmiðlun og faglegt tengslanet innan stéttarinnar.

- 1.2.1. Endurvefja faghópa þroskaþjálfra. Horfa til þess hvernig önnur samstarfsfélög innan BHM hafa haldið utan um sína hópa eða fagdeildir.

#### 1.3. Viðhalda og efla samstarf við Háskóla Íslands varðandi þróun menntunar þroskaþjálfra.

- 1.3.1. Reglubundnir fundir með stjórnendum menntavísindasviðs.
- 1.3.2. Standa vörð um að ÞÍ hafi tryggt vettvang til að kynna starfsemi félagsins fyrir nemendum.
- 1.3.3. ÞÍ komi áfram að útskriftarathöfnum nemenda sem ljúka námi til starfsréttinda.

### 2. Tryggja kjör og réttindi

#### 2.1. Semja um sambærileg kjör og réttindi og önnur fag- og stéttarfélög.

- 2.1.1. Við samningsborðið skal tryggt að þroskaþjálfar dragist ekki aftur úr öðrum stéttum á sambærilegum vettvangi hvort sem er á almennum eða opinberum markaði.
- 2.1.2. Til að tryggja öflugna samningsstöðu skulu samninganefndir hafa aðgengi að upplýsingum sem byggja á traustum gögnum, lykiltölum og samanburði áður en kjarasamningsviðræður hefjast. Nýta skal áreiðanlegar heimildir og greiningar, þar á meðal í gegnum samstarf við sérfræðinga BHM, opinberar kannanir, tölur frá Hagstofu, launatölfræði og önnur viðeigandi gögn.
- 2.1.3. Kröfugerðir ÞÍ skulu mótaðar af stjórn og trúnaðarmannaráði áður en kjarasamningsviðræður hefjast með það að markmiði að hámarka hagsmunagæslu félagsins með vönduðum og samræmdum undirbúningi.

#### 2.2. Standa vörð um réttindi félagsfólks og auka þekkingu þeirra á réttindum sínum

- 2.2.1. Sérstök áhersla lögð á vandaðan stuðning frá skrifstofu ÞÍ í einstaklingsmálum þroskaþjálfra og faglega ráðgjöf við trúnaðarmenn félagsins.
- 2.2.2. Veita ráðgjöf og standa að fræðslu um ráðningarsamninga, kjara- og réttindamál, starfsmat hjá sveitarfélögum og túlkun og framkvæmd kjarasamninga fyrir þroskaþjálfra og trúnaðarmenn ÞÍ.
- 2.2.3. Stuðla að þróun upplýsingagjafar í gegnum heimasíðu ÞÍ og notkun gervigreindar til að auðvelda aðgengi þroskaþjálfra að upplýsingum og svörum við fyrirspurnum er varða réttindamál.



### **2.3. Stuðla að því að tiltekna stöður hjá ríki og sveitarfélögum verði ætlaðar proskapjálfum.**

- 2.3.1. Í lögum er kveðið á um að sveitarfélög skuli hafa á að skipa proskapjálfum til að starfa að verkefnum í þágu fatlaðs fólks. Nauðsynlegt er að skilgreina nánar við hvaða verkefni og stöður það á við um og tryggja forgang proskapjálfa í þær.
- 2.3.2. Auka þekkingu menntayfirvalda og stjórnenda menntastofnana á hlutverki og hæfni proskapjálfa innan skólakerfisins, einkum á framhaldsskólastigi.

## **3. Auka áhrif í stefnumótun og samfélagsþróun**

- 3.1. Tryggja aðkomu proskapjálfa að lagasetningu, stefnumótun og skipulagi þjónustu.
  - 3.1.1. Auka hlutdeild proskapjálfa í nefndum og starfshópum á vegum hins opinbera meðal annars með því að vera í virkum samskiptum við stjórnvöld.
  - 3.1.2. Fjölga umsögnum í samráðsgátt frá ÞÍ með því að vakta samráðsgátt og skrifa umsagnir um þau mál sem varða félagið. Nýta til þess faghópa ÞÍ og útbúa yfirlit yfir proskapjálfa sem hafa umfangsmikla þekkingu á ákveðnum sviðum og væru tilbúnir til að taka þátt í gerð umsagna.

## **4. Efla faglega stöðu og sýnileika**

- 4.1. **Kynna hlutverk og sérfræðiþekkingu stéttarinnar í samfélaginu og atvinnulífinu.**
  - 4.1.1. Nýta fjölbreyttar leiðir til kynningar s.s. með kynningarmyndböndum, hlaðvarpi, málþingum, fræðsludögum, virkri viðveru á samfélagsmiðlum o.s.fv.
  - 4.1.2. Auka þátttöku ÞÍ í opinberri umræðu um mál sem varða félagið með greinaskrifum.
- 4.2. **Vinna að því að skilgreina og skýra hlutverk proskapjálfa á ólíkum starfsvettvangi.**
  - 4.2.1. Tryggja þátttöku ÞÍ í þróun þeirra kerfa sem snúa að virðismati starfa og starfsmati og skilgreiningu starfa í samvinnu við ólíka viðsemjendur félagsins.
  - 4.2.2. ÞÍ leitast við að halda utan um vel gerðar starfslýsingar proskapjálfa sem unnt er að nýta sem fyrirmyndir við gerð eða endurskoðun starfslýsinga sambærilegra starfa hjá öðrum stjórnendum eða vinnuveitendum.

## **5. Styrkja samstarf við önnur fag- og stéttarfélög**

- 5.1. **Viðhalda og efla samstarf við önnur fag- og stéttarfélög um sameiginleg hagsmunamál.**
  - 5.1.1. Þátttaka í hópum þvert á félög sem hafa sameiginlegra hagsmuna að gæta eða vinna á líkum vettvangi s.s. heilbrigðisstéttirnar innan aðildarfélaga BHM.
- 5.2. **Viðhalda og efla tengsl við erlendar fagstéttir og systursamtök.**
  - 5.2.1. Taka þátt í áframhaldandi umræðum um sameiginleg hæfnisviðmið, menntunarkröfur, áherslur, stöðu og starfsvettvangur proskapjálfa á alþjóðavísu í gegnum aðild ÞÍ að NFFS (Nordisk Forum For Socialpædagogica) og Aieji (International Association of Social Educators).
  - 5.2.2. Áhersla lögð á skipulagningu og þátttöku í sameiginlegum ráðstefnum, þar sem fagfólk miðlar þekkingu og reynslu, styrkir tengsl og unnið er að framþróun fagsins á alþjóðlegum vettvangi.